



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN FORSETAHJÓNANNA TIL VESTURBYGGÐAR

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú hefja opinbera heimsókn til Vesturbyggðar að morgni mánudagsins 3. október næstkomandi. Heimsóknin stendur í tvo daga og munu forsetahjón heimsækja skóla, vinnustaði og stofnanir í bæjarfélaginu. Að kvöldi mánudagsins 3. október verður haldin fjölskylduhátíð í Félagsheimilinu á Patreksfirði og þangað er öllum íbúum sveitarfélagsins boðið.

Heimsókn forsetahjóna hefst í fundarsal bæjarskrifstofu Vesturbyggðar á Patreksfirði að morgni mánudagsins. Þar munu Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri og bæjarfulltrúar taka á móti þeim og kynna bæjarfélagið, fjölpætt viðfangsefni og framtíðarsýn. Þaðan liggur leiðin í útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Odda þar sem Sigurður Viggósson framkvæmdastjóri segir frá starfseminni og forsetahjón drekka kaffi með starfsfólkinu. Eydís Þórsdóttir deildarstjóri tekur á móti forsetahjónum í útibúinu frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Vesturbyggð ásamt um 20 nemendum skólans, sem þar stunda fjarnám, en Gústaf Gústafsson, skólastjóri Patreksskóla, fylgir síðan forsetahjónum í kennslustofur skólans og stýrir dagskrá á sal. Í kjölfarið liggur leið gestanna í leikskólann Araklett þar sem Helga Bjarnadóttir leikskólastjóri segir frá starfseminni og leikskólabörn syngja lag.

Eftir hádegi á mánudeginum 3. október liggur leiðin fyrst í Vélsmiðjuna Loga þar sem Barði Sæmundsson kynnir starfsemina. Þaðan verður haldið á Fiskmarkaðinn þar sem Hjörleifur Guðmundsson tekur á móti forsetahjónum. Þau munu síðan hitta eldri borgara á Patreksfirði í Selinu og heimsækja að því búnu Byggðasafnið að Hnjóti.

Á fjölskylduhátíðinni um kvöldið bjóða heimamenn til fjölþættrar dagskrár með tónlistarflutningi, leiklist og upplestri. Þar flytur forseti Íslands ávarp. Hátíðin hefst kl. 20:00 og eru allir velkomnir á hana; aðgangur er ókeypis.

Priðjudaginn 4. október halda forsetahjón til Bíldudals. Þau heimsækja fyrst Bíldudalsskóla þar sem Ásdís Snót Guðmundsdóttir skólastjóri, kennarar og nemendur bjóða til dagskrár. Þvínæst liggur leið forsetahjóna í fyrirtækið Arnarlax þar sem Kristian Matthíasson forstjóri kynnir starfsemina. Eftir hádegi verður Skrímslasetrið skoðað með leiðsögn Valdimars Gunnarssonar. Í Kalkþörungaverksmiðjunni tekur Einar Sveinn Ólafsson forstjóri á móti forsetahjónum en í Hafkalki kynnir Jörundur Garðarsson forstjóri framleiðsluna sem sækir hráefni til Kalkþörungaverksmiðjunnar. Heimsókninni til Bíldudals lýkur með samverustund forsetahjóna með eldri borgurum í Læk.

Hákon Ásgeirsson landvörður tekur á móti forsetahjónum í hinu nýja Surtarbrandssafni á Brjánslæk og þar býður kvenfélagið til kaffiveitinga með íbúum nærsveita. Jóhann Pétur Ágústsson bóndi og Halldóra Ragnarsdóttir á Brjánslæk kynna síðan forsetahjónum búskap sinn á Brjánslæk en opinberri heimsókn forsetahjóna til Vesturbyggðar lýkur að Vaðli á Barðaströnd þar sem tekið verður hús á þeim Hákonni Jónssyni og Þórunni Eggertsdóttur.

30. september 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Nanna Sjöfn Pétursdóttir (864 1424).